

## LÖG

### um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (rafræn fyrirtækjaskrá o.fl.).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

###### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „ársreikning“ í 1. mgr. kemur: sem saminn er samkvæmt lögum um ársreikninga.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Undanþegin skyldu til að leggja fram á aðalfundi skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna eru örfélög samkvæmt skilgreiningu laga um ársreikninga sem nýta sér heimild þeirra laga til að semja rekstraryfirlit og efnahagsyfirlit byggð á skattframtali félagsins.

###### 2. gr.

Á eftir orðinu „skoðunarmanna“ í 4. mgr. 88. gr. laganna kemur: þegar við á.

###### 3. gr.

Í stað 3. mgr. 147. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. mgr., svohljóðandi:  
Tilkynningar til hlutafélagaskrár ásamt fylgiskjölum og tilskildum skráningar- og birtingargjöldum skal senda beint til hlutafélagaskrár á því formi sem hlutafélagaskrá ákveður.  
Tilkynningar og gögn sem skylt er að senda hlutafélagaskrá skulu vera á íslensku.

#### II. KAFLI

##### Breyting á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.

###### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „ársreikning“ í 1. mgr. kemur: sem saminn er samkvæmt lögum um ársreikninga.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Undanþegin skyldu til að leggja fram á aðalfundi skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna eru örfélög samkvæmt skilgreiningu laga um ársreikninga sem nýta sér heimild þeirra laga til að semja rekstraryfirlit og efnahagsyfirlit byggð á skattframtali félagsins.

5. gr.

Á eftir orðinu „skoðunarmanna“ í 4. mgr. 63. gr. laganna kemur: þegar við á.

6. gr.

Í stað 3. mgr. 121. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. mgr., svohljóðandi:  
Tilkynningar til hlutafélagaskrár ásamt fylgiskjölum og tilskildum skráningar- og birt-  
ingargjöldum skal senda beint til hlutafélagaskrár á því formi sem hlutafélagaskrá ákveður.  
Skal málsmeðferðin vera rafræn sé þess kostur.

Tilkynningar og gögn sem skylt er að senda hlutafélagaskrá skulu vera á íslensku.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 19. maí 2017.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.*